



Félag löggiltra endurskoðenda

## HAUSTRÁÐSTEFNA 2015

Föstudag 30. Október á Grand Hótel Reykjavík

Ráðstefnustjóri: Björn Helgi Arason, endurskoðandi

- |               |  |
|---------------|--|
| 8:00          | Skráning hefst   |
| 8:30 - 8:40   | Ráðstefnan sett<br><i>Sturla Jónsson, formaður FLE</i>   |
| 8:40 – 9:45   | <b>The progress of the Nordic Standard for the Audit of Small Entities (SASE) towards reality.</b><br>Jens Röder framkvæmdastjóri NRF fer yfir viðbrögð hagsmunaaðila við staðlinum, stöðuna í dag og hvernig hann sér fyrir sér framhaldið. |
| 9:45 – 10:00  | Kaffi  |
| 10:00 – 11:00 | <b>Vinnustofur lota 1</b>  |
| 11:00 - 11:10 | Skiptitími   |
| 11:10 - 12:10 | <b>Vinnustofur lota 2</b>  |
| 12:10 – 13:00 | Hádegisverður  |
| 13:00 - 14:00 | <b>Vinnustofur lota 3</b>  |
| 14:00         | <b>Aðalfundur FLE hefst strax að lokinni ráðstefnu í Gullteig</b>  |

Ráðstefnugjald er kr.34.000 fyrir félagsmenn í FLE, FIE og starfsmenn endurskoðunarfyriertækja. Hádegisverður er innifalinn í verðinu.

Ráðstefnan gefur samtals 5 einingar samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda. Allir þátttakendur fá tvær einingar í endurskoðun og síðan þrjár til viðbótar sem fer eftir vali á vinnustofum.

***Vinsamlegast skráið þátttöku ykkar á vef Félags löggiltra endurskoðenda [www.fle.is](http://www.fle.is) eigi síðar en kl. 12:00 þann 27. október. Að þeim tíma liðnum er ekki hægt að tryggja einstaklingsval á vinnustofum.***

# LÝSING Á VINNUSTOFUM

## Vinnustofa 1: Lok endurskoðunar

**Umsjón:** Endurskoðunarnefnd FLE, Áslaug Rós Guðmundsdóttir, endurskoðandi hjá Ernst & Young og Sigríður Soffía Sigurðardóttir, endurskoðandi hjá KPMG

*Ein eining í flokknum endurskoðun*

### Lýsing á vinnustofu:

Fjallað verður um atriði sem huga þarf að við lok endurskoðunar, svo sem atburði eftir lok reikningskiladags, rekstrarhæfi, staðfestingarbréf stjórnenda og áritanir. Lögð verða fyrir raunhæf verkefni til umræðu í hópum.

### Verkefni

Lögð verða fyrir stutt verkefni til umræðu í hópum.

## Vinnustofa 2: Markmið og mælistikur

**Umsjón:** Menntunarnefnd FLE, Þórlindur Kjartansson, sjálfstætt starfandi ráðgjafi

*Ein eining í flokknum siðareglur og fagleg gildi*

### Lýsing á vinnustofu:

Kynnt verður stjórnunaraðferð sem kallast OKR's (objectives and key results) og hefur meðal annars verið helsta stjórnunartæki tæknifyrirtækja á borð við Google, LinkedIn og Twitter. Þórlindur hefur innleitt OKRs hjá hugbúnaðrafyrirtækinu Meniga. Kynnt verða helstu markmið og mælistikur og farið yfir dæmi um notkun aðferðarinnar hér á landi. Þá verður rætt um áhrif markmiðasetningar og kosti aðferðarinnar við stjórnun og stefnumörkun fyrirtækja. Að lokum verður fjallað um innleiðingu á aðferðinni og hvaða leiðir séu þar færar.

### Verkefni

Stutt æfing verður lögð fyrir þátttakendur í lok vinnustofunnar.

## Vinnustofa 3: Birgðir - verk í vinnslu

**Umsjón:** Reikningsskilanefnd FLE Guðmundur Örn Árnason, endurskoðandi og Helgi Einar Karlsson M.Acc, báðir starfsmenn hjá Deloitte

*Ein eining í flokknum reikningsskil og fjármál*

### Lýsing á vinnustofu:

Fjallað verður um mat á birgðum og verk í vinnslu út frá kröfum laga um ársreikninga, alþjóðlegra reikningsskilastaðla og reglum reikningsskilaráðs.

### Verkefni

Stutt verkefni verður lagt fyrir til umræðu í hópum

## Vinnustofa 4: Milliverðlagning

**Umsjón:** Skattanefnd FLE, Ragnhildur E. Lárusdóttir og Vigdís Sigurvaldadóttir, báðar lögfræðingar hjá Ernst & Young

*Ein eining í skatta- og félagarétti*

### Lýsing á vinnustofu:

Fjallað verður um hvað felst í milliverðlagningu og viðurkenndum aðferðum OECD. Þá verður rætt um hvernig milliverðlagning getur haft áhrif á rekstur fyrirtækja og nefnd dæmi um hvernig hægt er að nota viðurkenndar aðferðir OECD í daglegum rekstri. Þá er fjallað um áhættu tengda milliverðlagningu og hvað skjölun skal innihalda og mismunandi uppbyggingu fyrirtækja (functions/risks/assets) útskýrð. Að lokum verður farið yfir ábyrgð og aðkomu endurskoðenda að milliverðlagningu en við skattframtalsgerð ber að staðfesta að fullnægjandi skjölun hafi farið fram og hverjar afleiðingarnar kunna að verða ef svo er ekki.

### Verkefni

Stutt raunhæft verkefni verður lagt fyrir til umræðu í hópum

---

## Vinnustofa 5: Samskipti og samræming á vinnustað

**Umsjón:** Menntunarnefnd FLE, Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar

*Ein eining í siðareglur og fagleg gildi*

### Lýsing á vinnustofu:

Fjallað verður um samskipti og samhug á vinnustöðum og glímuna við að samhæfa vinnu og fjölskyldulíf svo og væntingar einstaklinga og samfélagsins. Velt verður upp spurningum eins og hvort við séum nógu góð í því sem við erum að gera, hvort hafi betur í glímunni vinnan eða fjölskyldan og hvað við getum sjálf gert til að breyta um stefnu.

### Verkefni

Stutt verkefni í hópum og umræða um verkefnið ef tíminn leyfir.

---